



Pési

Næsti Pési kemur út
14.apríl 2016. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
10.apríl 2016.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Munið skilalúguna! ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sundlaugin á Flúðum. Vetraröfnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

LOKAÐ á föstudaginn langa og páskadag

Opið á skírdag og annan í páskum frá 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraröfnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

LOKAÐ: skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum. Opið laugardaginn 26 mars frá 13:00-15:00

Gleðilega páskahátíð!



mars 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
302.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er runninn upp og það styttist í páska sem eru núna með fyrra fallinu. Sólin er farin að bræða snjóinn og vonandi styttist í vorið. Þó ekki hafi verið fjallað um páska eða veður á hjónaballinu um daginn þá voru eflaust einhver veðrabrigði í mannlífínu tekin fyrir. Þó maður sjálfur hafi sinnt þeirri samfélagslegu skyldu sinni að vera í hjónaballsnefndinni, og stundum dæst yfir því, þá er það til fyrirmyndar í samfélaginu að fólk leggi á sig fyrirhöfn til að skemmta sér og öðrum og halda þessari merkilegu hjónaballshefð við.

Á vettvangi sveitarfélagsins eru mörg áhugaverð verkefni í gangi. Fyrst er að nefna að í vinnslu er verkefni um stórt hótél á svæði Byggða á Brikum á Flúðum. Þessi hugmynd mjakast áfram en ef af verður er um að ræða 200 herbergja hótél með baðlóni. Við sjáum svo til hvort af þessu verður eða ekki en hins vegar er ljóst hvernig sem fer að litið er til Uppsveita með uppbyggingu í ferðamannaþjónustu.

Önnur smærri ferðaþjónustuverkefni eru líka mjög áhugaverð. Sveitarstjórn hefur ákveðið að ganga til samninga við Secret Local Adventures ehf um uppbyggingu á gamla Heiðarárskálanum til að sýna ferðamönnum hvernig fjallmenn og aðrir hegðuðu sér í óbyggðum. Að þessu verkefni standa þeir Manni og Egill og vonandi geta svona sprotafyrirtæki heimamanna orðið vísir að einhverju meiru, þannig að afrakstur þjónustu við ferðamenn sitji eftir í heimabyggð.

Þá hefur einnig verið tekin ákvörðun um að semja við þau Styrmi og Kristínu Erlu um leigu á fjallaskálum Hrunamannahrepps á Hrunamannafrétti. Við viljum meina að þessi aðferð síðustu ára við rekstur á fjallaskálunum hafi stuðlað að betri húsum á afréttinum, vonandi ódýrari rekstri fyrir sveitarfélagið og afkomu fyrir leigutaka.

Fyrst ég er að tala um ferðaþjónustu vil ég einnig óska þeim í Gömlu lauginni til hamingju með að hafa fengið útnefninguna „Sproti ársins“ á árhátíð ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Gamla laugin er að sanna gildi sitt sem grunnur að frekari uppbyggingu ferðaþjónustufyrirtækja í sveitarfélaginu. Ekki má síðan gleyma þeirri framtakssemi Helgu og Sverris á Gömlu Grund að auka starfssemi sína með því að byggja upp frekari gistiþjónustu á Grundarlóðinni.

Þá verður einnig að minnast á að hafin er spennandi vinna við að deiliskipuleggja land sveitarfélagsins í Gröf. Landform ehf á Selfossi hefur verið ráðið til verksins og er sú vinna þegar hafin. Að mínu mati er þetta mest spennandi svæði sem sveitarfélagið á til uppbyggingar og verður gaman að sjá hvort ekki verður hægt að móta það sem hluta af miðbæjarkjarna Flúða.

Fyrst verið er að tala um skipulag styttist í annan endann á ferli vegna endurskoðunar aðalskipulags Hrunamannahrepps. Málið er að verða tilbúið í kynningarferli og hvet ég alla til að skoða þessar hugmyndir og máta við sínar. Hægt er að nálgast upplýsingar um aðalskipulagsvinnuna t.d. inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Eitt ferli sem búið er að endurvekja úr dvala er hugmynd um friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins. Sveitarfélagið er að vinna þessi mál með Umhverfisstofnun og Umhverfissráðherra en hún heimsótti okkur einmitt um daginn til að á ýta þessu máli af stað aftur. Sveitarfélagið hefur viljað fella vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins í friðlýsingaráformin til að við verðum búin að kortleggja betur hvað við viljum að fram fari í Kerlingarfjöllum. Síðan þarf að vanda sig að ganga þannig frá friðlýsingarskilmálum að við séum sátt við hvað þar stendur. Vonandi gengur þetta allt þannig að við verðum í fararbroddi að nýta og friða gersemar okkar.

Í þessum Pésa er verið að vekja athygli á fatasöfnun Rauða krossins en eins og kunnugt er þá er hægt að skila fötum og skóm í gám Rauða krossins á gámasvæðinu á Flúðum. Til að fyrirbyggja allan misskilning mega öll hrein föt fara í fatagáminn. Engu máli skiptir hvort það séu göt á þeim, þau slitin eða annað. Þannig föt nýtir Rauði krossinn þannig að þau eru tætt niður og endurnýtt. Þá mega allir skór fara með sömu formerkjum í fatagáminn en beðið er um að þeir séu reyndar bundnir saman á skóreimum þannig að þeir verði ekki „einmana“

Nú hefur verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefndina og varð Sigurður Sigurjónsson fyrir valinu. Þá hefur einnig verið skipaður ruslamálaráðherra fyrir 2016 og ráðherratilinn hlaut þetta árið hún Kolbrún Haraldsdóttir. Ég hlakka til samstarfsins við þessa ágætu einstaklinga um þessi góðu og þörfu málefni.



Þá hefur einnig verið gengið frá ráðningu nýs leikskólastjóra í leikskólanum Undralandi og er það hún Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir sem varð fyrir valinu. Hefur hún störf þann 1. apríl nk. þegar Halldóra Halldórsdóttir lætur af störfum. Vil ég bjóða Ingibjörgu velkomna til starfa og jafnframt þakka Halldóru fyrir einkar góð kynni og störf í þágu okkar allra.

Að lokum vil ég monta okkur af krökkunum í Flúðaskóla en í upplestrarkeppni 7. bekkjar í Uppsveitum og Flóa voru það Una Bóel Jónsdóttir sem hlaut fyrsta sætið og Aron Ernir Ragnarsson sem varð í öðru sæti. Vil ég óska þeim og Flúðaskóla til hamingju með árangurinn.

Ein tölfræði til upplýsingar! Íbúar Hrunamannahrepps voru 807 þann 1. janúar 2016 og var átta hundruð manna múrinn rofinn í fyrsta skipti, skv. opinberum tölum.

Göngum bjartsýn til verka.

Jón G. Valgeirsson



Þáskamót í frjálsum



Hið árlega Þáskamót í frjálsum íþróttum verður haldið í íþróttahúsinu á Flúðum laugar- daginn 26. mars 2016 og hefst það kl. 13:00.

Keptt verður í mörgum flokkum að venju og keppnisgreinar eru langstökk án atr., hástökk m. atr., þrístökk án atr., kúluvarp og spretthlaup.



Þátttökuskjöl verða veitt keppendum en að auki mun heppinn keppandi fá óvæntan glaðning.

Skráning er á staðnum. Allir, ungir jafnt sem aldnir, eru hvattir til að koma og keppa og hafa gaman af. Sjáumst sem flest.



Ungmennafélag Hrunamanna

Starfskraftur óskast

Óskum eftir einstaklingi 16 ára eða eldri til að sjá um tvö börn, 7 mánaða og 9 ára, ásamt léttum heimilisstörfum. Starfstími er frá maí til lok sumars. Vinnutími frá 8 til 16:30, frá mánudegi til föstudags eða eftir samkomulagi. Vel kemur til greina að ráða „ömmu“ í starfið. Erum auðveld í samningum.

Fjölskyldan Högnastíg 14

S:858-3399


21 árs Svisslendur leitar að vinnu í sveit í sumar. Vanur sveitastörfum og er bifreiðavirki. Hörkuduglegur og góður í samskiptum. Með meðmæli. Frá byrjun júní til lok ágúst 2016.

Talar góða ensku.

Beint samband: Silvan Knöri gunners.yb@hotmail.com

eða sími: 0041 79 788 62 69

Fleiri uppl. Hjá Meike Glóruhlíð 6638011



Blómadropameðferðir og jóga

Blómadropar hjálpa líkama, huga og tilfinningum að komast í jafnvægi.

Persónublanda

Styrktarblanda

Orkustöðvajöfnun

Orkustöðvanæring

Regnbogavinna



Eins eru nokkur laus pláss í jóga hjá mér á mánudögum og miðvikudögum, 10 tíma byrjendanámskeið í Jóga verður eftir páska á mánudögum og miðvikudögum kl 18:30 -19:30 ef annar tími hentar betur má skoða það.

Nánari upplýsingar í síma 8685751

Fjóla Ingveldur, blómadropameistari og jógakennari

Íbúð til leigu í Heimalandi.
Laus er til umsóknar íbúð í Heimalandi á Flúðum.
Áhugasamir hafi samband við skrifstofu
Hrunamannahrepps í síma 480 6600
eða á netfang: hruni@fludir.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Gríms-
nesið,
Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum
svæðum eftir bestu getu.
TAXI DRIVER
Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.
GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímarpantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



Uppsveitadeildin 2016 er komin á fullt skrið. Fjörgangskeppnin fór fram þann 19. febrúar fyrir fullu húsi áhorfenda sem skemmtu sér hið besta. Keppnin var enda spennandi og jöfn. Eftir forkeppni lá ljóst fyrir að 5 keppendur fóru beint í A úrslit. Fjórir öttu því kappi í B úrslitum um rétt til þess að færast upp í A úrslitin. Tveir urðu jafnir og efstir og því var ljóst að í úrslitum riðu 7 keppendur.

Úrslit keppinnar má finna á vefsvæði Reidhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, sem á facebook síðu hennar www.facebook.com/reidhollinfludum.

Uppsveitadeildin 2016 heldur áfram. Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin **föstudaginn 18. mars**. Kynning keppenda og liða hefst kl. 19:45 og forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

- | | |
|---------------------------------|----|
| 1. Þórarinn Ragnarsson. | 24 |
| 2. Matthías Leó Matthíasson. | 23 |
| 3. Sólon Morthens. | 22 |
| 4. Guðmann Unnsteinsson. | 21 |
| 5. Arnar Bjarki Sigurðarson. | 20 |
| 6. Guðjón Sigurliði Sigurðsson. | 19 |
| 7. Árný Oddbjörg Oddsdóttir. | 18 |
| 8. Lárus Sindri Lárusson. | 17 |
| 9. Hermann Þór Karlsson. | 16 |

Staða liðakeppinnar er þessi:

- | | |
|--------------------------|----------|
| 1. Hrosshagi/Sunnuhvoll. | 60 stig. |
| 2. Vesturkot. | 56 stig. |
| 3. Pálmatré. | 55 stig. |
| 4. Kílhraun | 34 stig. |
| 5. Landstólpi. | 31 stig. |
| 6. Lið Límtré Vírmets. | 29 stig. |
| 7. Brekka / Dalsholt. | 21 stig. |
| 8. JÁVERK. | 13 stig. |



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Frá fyrsta fundi nýstofnaðs ungmennaráðs



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps

Verður haldinn í Félagsheimilinu sunnudaginn 3.apríl kl 20.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundastörf.

Kjósa þarf um ritara félagsins.

Ingibjörg Steindórsdóttir gefur ekki kost á sér áfram.

Kjósa þarf þrjá meðstjórnendur í varastjórn:

Anna María Gunnarsdóttir og Else Nilsen gefa kost á sér áfram .

Hanna Lára gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn.

Hvetjum konur til að fjölmenna á fundinn, einnig eru nýjar konur ávallt velkomnar í félagið.

Kvenfélagið hefur verið starfandi í Hrunamannahreppi í 74 ár.

Í dag er félagið komið á þann stað að okkur vantar fleiri konur til að starfa með okkur. Einnig viljum við benda á að konur eru velkomnar til að starfa fyrir félagið þó þær séu ekki skráðir félagsmenn.

Til umhugsunar fyrir sveitungana:

Hvers vegna vilt þú hafa kvenfélag starfandi í þinni sveit?

Hvað getur þú lagt af mörkum til að slík starfsemi blómstri?

Á döfinni hjá Kvenfélaginu er þrjónakvöld sem verður haldið í kvenfélagsherberginu mánudagskvöldið 21.mars 2016

Barnaflokkur - þrjúgangur

Uppsveitadeild æskunnar

1	Þorvaldur Logi Einarsson	Sigurrós frá Miðfelli 2	Smári	5.58
2	Jón Valgeir Ragnarsson	Þymir frá Garði	Smári	5.42
3	Aron Ernir Ragnarsson	Hera frá Efra-Langholti	Smári	5.25
4-5	Laufey Ósk Grímsdóttir	Rán frá Ásatúni	Smári	5.17
4-5	Valdimar Örn Ingvarsson	Kóngur frá Fjalli 2	Smári	5.17
6	Salka Kristín Jónsdóttir	Hamar frá Geysi	Logi	3.33
7	Þórey Þula Helgadóttir	Kraki frá Hvammi I	Smári	4.75
8	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári	4.17
9	Anna-Lovisa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldstöðum	Smári	3.92
10	Ingibjörg Bára Pálsdóttir	Gulltoppur frá Tjarnarlandi	Smári	2.60
11	Matthías Jens Ármann	Mávur frá Stóra-Vatnsskarði	Logi	2.25
	Freyja Linda Andrea Mattsson	Bardagi frá Kópavogi	Logi	4.45
	Eyþór Ingi Ingvarsson	Prins frá Fjalli 2	Smári	3.75

Unglingaflokkur - fjórgangur

1	Sölvi Freyr Freydísarson	Gæi frá Svalbarðseyri	Logi	6,05
2	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Hvati frá Bræðratungu	Logi	5,55
3	Eva María Larsen	Kolfinna frá Fellskoti	Logi	5,50
4	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum	Logi	5,40
5	Einar Ágúst Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli 2	Smári	5,15

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Sumarvinna

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við almenn afgangslustörf.

Helst ekki yngri en 18 ára.

Æskilegt að umsækjandi sé reyklaus og reglusamur.

Upplýsingar fludir@samkaupstrax.is og á samkaup.is

Íðnaðarhúsnæði til leigu á Flúðum

Til leigu á Flúðum er ca 180 fermetra iðnaðarhúsnæði auk 30 rúm-
metra kæligeymslu og 30 rúmmetra frystigeymslu.

Nánari upplýsingar gefur Pálmar í síma 892-2370
eða á fludaleid@simnet.is



ClipartOf.com/88978

Giant D254SW

(oft nefndur litli risinn)

Smár en knár 25 hestafla
liðléttingur

Getur lyft eigin þyngd.

Til afgreiðslu strax.



**Tilboð
á spónum
Kr. 1.845,-**

*mVsk. 20 kg. balli ef tekið er eitt bretti
(15 ballar á bretti)*



Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur - Léttur



Framúrskarandi
Fyrirtæki



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Þorralót í leikskólanum

Við blótuðum þorra og voru börnin mjög dugleg að smakka en harðfiskurinn var vinsælastur, en það er nú líka alltaf mjög spennandi að smakka hákarlinn. Við dönsuðum svo eins og vera ber á góðu Þorralóti.



Ferming



Tek að mér fermingarmyndatökur og hönnun á fermingarkortum.



Fermingardagurinn minn


Ég er að fara að fermast þann 15. apríl 2012 í Grensáskirkju kl. 13:30 og í tilefni af því langar mig og fjölskyldu minni að bjóða þér/ykkur til veislu kl. 16:00 sem verður haldin í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli (KR heimilið), Frostaskjóli 2, 107 Reykjavík.

Þakka til að sjá ykkur!
Erni Leó Hlynsson

Vinsamlegast tilkynnið forföll fyrir 5. apríl í síma 4564778/6988557/8942051 eða á netfang thora83@gmail.com

**6988557 - theisirico@gmail.com
Stúdíó Miðhof 6 , Flúðum**

Starfsfólk óskast



Skálholtsstaður óskar eftir að ráða fólk til starfa við almenna gisti - og veitingaþjónustu.

Heilsársstarf, sumarstarf.

Um hlutastarf getur verið að ræða.

Einnig við kirkjuvörslu og móttöku ferðamanna í sumar.

Umsóknareyðublöð á heimasíðunni skalholt.is

Upplýsingar í síma 486-8870 eða 856-1545

netfang skoli@skalholt.is

Kökubasar, Flóamarkaður, kaffihús og bíó.

Laugardaginn 26. mars verður unglिंगadeildin Vindur með fjölskyldudag í Félagsheimili Hrunamanna. Dagurinn er hluti af fjáröflunarvinnu deildarinnar, en Vindur er á leiðinni til Noregs í vor að heimsækja norska unglिंगadeild. Í boði þennan dag verður kökubasar, flóamarkaður, kaffihús, tónlistaratriði og bíó. Já Flúðabíó verður opnað þennan dag.

Þeir sem sjá sér fært að gefa dót á flóamarkaðinn eru beðnir um að hafa samband við Halldóru í síma 892-1276 eða Einar í síma 845-9467 og við komum að sækja.

Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Með von um að sjá sem flesta Unglिंगadeildin Vindur.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir! **ATHUGIÐ!**

Vegna fjarveru er fótaaðgerðarstofan lokuð út mars mánuð.

Tímapantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana
Hólsúind frá landsmári

Fatasöfnun er mikilvæg tekjuöflun fyrir Rauða krossinn

Á hverju ári safnast um 1000 tonn af notuðum fatnaði sem nýtist fólki sem býr við bág kjör eða lendir í áföllum, bæði innanlands og utan. Stór hluti þess fatnaðar sem safnast hér á landi er seldur til flokkunarfyrirtækja í Evrópu sem endurnýta hann til sölu í verslunum og á mörkuðum.

Rauði krossinn rekur tvær fataverslanir á höfuðborgarsvæðinu sem selja notaðan fatnað. Verslanirnar eru á Laugavegi 12, Reykjavík og Strandgötu 24, Hafnarfirði.

Ágóðinn af útflutningi á fatnaði og rekstri verslananna rennur í Hjálparsjóð Rauða krossins sem nýttur er í alþjóðlega neyðaraðstoð, neyðarvarnir og þróunaraðstoð.



Fataúthlutun innanlands

Fötum er úthlutað til þeirra sem á þurfa að halda alla miðvikudaga frá klukkan 9 til 14 í Fataflokkunarstöð Rauða krossins, Gjótuhrauni 7, Hafnarfirði. Suðurnesjadeild, Akureyrardeild og Skagafjarðardeild úthluta einnig fatnaði. Þá útvega aðrar deildir fatnað ef til þeirra er leitað.

Frágangur fatagjafa

Allur fatnaður nýtist. Best er að hnýta skó saman á reimum eða setja hvert par í plastpoka eða para saman á annan tryggan hátt. Fólk er hvatt til að ganga vel frá því sem gefið er. Þannig nýtist fatnaðurinn betur.

Hvert á að fara með fatnaðinn?

Viða úti um land taka Rauða kross deildir við fatnaði sem fluttur er til Hafnarfjarðar í Fataflokkunarstöð Rauða krossins. Á höfuðborgarsvæðinu er tekið á móti fatnaði á gámastöðvum Sorpu. Þar eru hvítir gámar merktir Rauða krossinum. Mikilvægt er að setja fötin í gámanna í vel lokuðum umbúðum, helst plastpokum.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



2. sæti í Skólahreysti á Suðurlandi. Krakkarnir stóðu sig frábærllega bæði stuðningslið og keppendur. Silfurvíma köllum við þetta .



HRUNAPRESTAKALL

Frá sóknarpresti

Ég vil byrja á því að þakka 10. bekkingum í Flúðaskóla fyrir frábæra „messu unga fólksins“ í Hrunakirkju þann 13. mars. Eftirminni-
leg stund og sýnir enn og aftur ríkidæmið sem við eigum í unga fólkinu okkar. Sérstakar þakkir færi ég Báru Sævaldsdóttur umsjónarkennara fyrir undirbúningsvinnuna og kraftinn og gleðina sem fylgdu henni frá upphafi verkefnisins. Sömuleiðis eru þakkir fluttar Stefáni organista fyrir alla hjálpina í tónlistarflutningnum. Á sameiginlegum fundi for-
manna sóknarnefnda í Hrunaprestakalli var ákveðið að leggja til við sóknarnefndirnar að prestakallið styrki kaup á nýju hljóðkerfi í Skálholtskirkju upp á kr. 150.000. Var þetta samþykkt í öllum sóknar-
nefndum. Með framlaginu viljum við í Hrunaprestakalli sína í verki stuðning við Skálholtskirkju sem athafna- og tónleika kirkju fyrir okkur uppsveitarfólk. Það er ómetanlegt fyrir okkur að hafa aðgang að þessum fallega helgidómi þegar um stærri athafnir er að ræða og eins þegar kemur að tónleikahaldi.

Framundan er hefðbundið helgihald um páska:

25. mars – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla-
kirkju frá kl. 13 til 17. Fjölskyldur fermingarbarna og fulltrúar eldri borgara verða meðal fjölmargra lesara í ár. Kaffiveitingar í safnaðar-
heimili á meðan á lestri stendur.

27. mars – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Hátíðarmessa í Ólafsvalla-
kirkju kl. 11.

28. mars – annar í páskum: Hátíðarmessa og ferming í Stóra-
Núpskirkju kl. 11.

Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, hruni.is, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið og nú er prestakallið einnig komið á Facebook!

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið sem hér segir:

- Föstudaga kl. 17.00 til 20.30.
- Laugardaga og sunnudaga kl. 12.00 til 20.30.
- Opið alla páskana (skírdag til og með annars í páskum) frá kl. 12.00 til 20.30

Við bjóðum upp á pizzur, hamborgara, súpur og salat!

Við erum að leita að starfsfólki í sumar

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.
Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára og æskilegt er
viðkomandi hafi vinnuvélapróf.

Áhugasamir sendi okkur tölvupóst á info@kaffisel.is.

Verið hjartanlega velkomin!
Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli
Sími 486-6454/891-7811/661-5935

Heimasíða: www.kaffisel.is
Netfang: info@kaffisel.is
Facebook: kaffisel

Facebook: kaffisel
Netfang: info@kaffisel.is
Heimasíða: www.kaffisel.is

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Opið hús

Opið hús verður í Félagsheimilinu ***miðvikudaginn 23. mars kl. 14:00*** (daginn fyrir skírdag). Helga Magnúsdóttir og Edda V. Guðmundsdóttir sjá um dagskrána.

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna

Aðalfundur FEH verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna ***miðvikudaginn 30. mars kl. 14:00***.

Almenn aðalfundarstörf:

Skýrslur stjórnar

Kosningar. Kosið verður um ritara og tvo í varastjórn.

Anna Björk Matthíasdóttir ritari og Helga Magnúsdóttir í varastjórn gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Eiríkur Þorgeirsson gefur kost á sér til endurkjörs. Kosið verður um skoðunarmenn reikninga. Elín Guðfinnsdóttir og Gunnar Hallgrímsson hafa verið skoðunarmenn reikninganna en Gunnar gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa.

Önnur mál

Vonumst eftir góðri fundarsókn.

Bestu kveðjur, stjórnin

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Reiðskóli fyrir börn í Reiðhöllinni á Flúðum

Vinsæli reiðskólinn sem haldinn var í fyrra verður endurtekinn í ár!

Boðið verður upp á reiðkennslu í reiðskólastíl í Reiðhöllinni á Flúðum í mars, apríl og maí 2016.

Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson í Syðra-Langholti, hestafræðingur og leiðbeinandi, verður kennari.

Innifalið:

5 kennslustundir (45 mínútur í senn), 1 skipti útreiðtúr og jafnframt þátttaka í Firmakeppni Smára fyrir áhugasama.

Þorsteinn útvegar hesta, reiðtygi og hjálma. Í reiðskólanum eru notaðir þægir hestar sem henta vel byrjendum.

Dagsetningar:

28 mars Reiðkennsla í Reiðhöllinni

4. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

18. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

25. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

1. maí Þátttaka í Firmakeppni Smára fyrir þá sem vilja

2. maí Reiðkennsla í Reiðhöllinni

9. maí Útreiðatúr frá Syðra-Langholti

Tímasetningar:

Fyrsti hópur 17:00 – 17:45

Annar hópur 18:00 – 18:45



©Joons * www.ClipartOf.com/1077909

Verð: 20.000,- kr á barn

Hægt er að koma með sinn eigin hest og kostar þá námskeiðið 15.000,-

Skráning með nafn og kennitölu gegnum smarakrakkar@gmail.com. Vinsamlegast takið fram óskir um tímasetningu. Skráningarfrestur er til 21. mars. Þeir sem fyrstir eru að skrá ganga fyrir ef þátttaka er mikil.

Vinsamlegast athugið að allir viðburðir á vegum Hestamannafélagsins Smára eru á ábyrgð þátttakenda.

Bestu kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára

Gamanvísur á Hjónaballi 2016.

(Hann var sjómaður dáða-
drengur)

Er hestamenn reið hefja stranga
í Hrepphólum leita fanga,
en háreyrst og hróp
einkenna þann hóp
á föstudaginn langa.

Í kirkju er söfnuður sestur
við passíúsálma lestur,
þá langar samt út
til að súpa af stút
þar á meðal er Óskar prestur.

Já eftir því allflestir muna
að á hestbak fór maddama Una,
á skírdag hún reið
óhefðbundna leið
með Óskari Hafstein í Hruna.

Hann Stebbi kann hugvit að flíka
já hefðum við fleiri slíka,
svo ötull var hann
að illgresið brann
og hótelið logaði líka.

Hann veiðiskap stundar með stolti
sannkallaður orkubolti,
eitt gríðarstórt naut
á Grænlandi skaut
hann Siggí í Birtingaholti.

Hann hiklaust telst til þeirra flinku
því hugdettu fékk hann í þynnku,
eftir heilmikið bras
Palli keypti sér Claas
sem hann notar sem hurðarklinku.

Ef þú hringir þeir koma án tafar
eru þvílíkir gleðigjafar,
í slaufuferð fór
þessi sífulli kór
frá Getnaði til Grafar.

Nú styttest í endann hjá okkur
það eftirsjá verður nokkur,
já Marta og Þór
drukku mikið af bjór
við hin margar beljur og bokkur.

Svo hristum við af okkur harma
því hér þarf sér enginn að barma,
eftir örstutta stund
dansa halur og sprund
um fjörið sér hljómsveitin Karma.
Þ.Þ



Lokalagið

(rapplagið Allir með úr áramótaskaupinu)

Oddvitann við kveðjum, á nýja tíma veðjum,
hérna koma túristar og ferðamenn í beðjum.

Eins og Bjössi í Gömlu lauginni græðum við,
og nýjum fasteignum bætum við.
Við getum meira grætt, stritinu hér hætt.
Í Hrunalaug hjá Helenu málin síðan rætt.

Kaffi Grund fer nú stækkandi,
á Hótel Flúðum verð hækkandi,
og Árni Magnús er brosandí,
við yfirdráttinn sig losandi,
ekkert bull, meira gull.

Og hjá Esther á Sólheimum gengur einsog í draumheimum
gamla draslinu ei gleymum
vel hægt að rukka fyrir eldgamla trukka

Hreppsnefndin er kát, hér er allt á fullu
hreppsnefndin er kát, hér er allt á fullu
hreppsnefndin er kát, núna glóir gullið
glóir gullið, meira bullið.

Allir græða hér, allir verða ríkir.
Allir stækka hér, verða kóngum líkir
því að túristunum fjölgar það er rétt og satt,
já Gull-Hreppurinn oní lukkupottinn datt.

U.H.



Frá Stóru upplestrar-
keppninni, sem haldinn
var í Flóaskóla 3. mars
sl, en þar var Una Bóel
Jónsdóttir í 1. sæti og
Aron Ernir Ragnarsson
í 2. sæti.



Saga Ragnheiðar og Daða í tali og tónum

Einstakt námskeið í Skálholti

Á þessu námskeiði, sem er samstarfsverkefni Skálhollsstaðar og Fræðslunetsins, verður fjallað um hina dramatisku sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Daða Halldórssonar og svið sögunnar í Skálholti og nærsveitum. Þá verður fluttur skáldskapur, sögur, ljóð og tónlist sem er innblásin af þessari harmrænu ástarsögu. Efnisþættir: Valdakerfi 17. aldar, Stóridómur og réttarfar, Maríuvers eftir Brynjólf biskup og Daða Halldórsson, Ragnheiður og Daði í bókmenntum, Óperan Ragnheiður, Ragnheiður þessa heims og annars, miðilsbækur, minnismerki og fleira.

- **Tími:** Föstudagur 15. apríl kl. 19-22 og laugardagur 16. apríl kl. 10-12.30
- **Staður:** Skálholtsskóli, Skálholti Biskupstungum
- **Verð:** 19.500,-
- **Leiðbeinendur:** Gunnar Þórðarson tónskáld, Halldór Reynisson, Bjarni Harðarson og Skúli Sæland

Hægt er að kaupa gistingu, málsverð og morgunverð á staðnum.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Fræðslunetinu

Sími 560 2030 | netfang: fraedslunet@fraedslunet.is